

**Nd.**

**79. Frumvarp til laga**

[60. mál]

um olíuverzlun ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

**1. gr.**

Stofna skal olíuverzlun ríkisins. Hún er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ríkissjóður leggur henni til nauðsynlegt stofn- og rekstrarfé, og er heimilt að taka það að láni.

**2. gr.**

Hlutverk olíuverzlunarinnar er að annast öll innkaup og flutninga til landsins á brennsluolíum (gasolíu, dieselolíu, fuelolíu, ljósaolíu, benzíni og flugvélabenzíni), smurningsolíum og olíufeyti. Hún skal sjá um flutning olíuvaranna í birgðastiðvar í innflutningshöfnum. Enn fremur skal hún leitast við að fjölga innflutningshöfnum olíuvara frá því, sem nú er, í því skyni að auðvelda dreifingu þeirra.

3. gr.

Oliuverzlunin skal semja við eigendur oliubirgðastöðva um leigu þeirra til þess að tryggja nægilegar birgðageymslur. Náist ekki samkomulag um leigusamninga, er heimilt að taka birgðastöðvar leigunámi. Enn fremur er oliuverzluninni heimilt að byggja nýjar birgðastöðvar, ef nauðsyn krefur. Þá skal oliuverzlunin leita eftir samningum við starfandi oliufélög um kaup eða leigu á dreifingarkerfi þeirra og smásöluaðstöðu. Takist ekki samningar, sem tryggja oliuverzlun ríkisins sæmilega aðstöðu til smásöluverzlunar með oliur, skal heimilt að taka eignir oliufélaganna eignar- eða leigunámi.

4. gr.

Oliuverzlunin selur oliuvörur í heildsölu til olfusamlaga, opinberra aðila og annarra, sem kaupa mikið magn í einu til eigin nota.

Hún skal einnig annast smásölu með oliuvörur og leitast við að skipuleggja á sem hagkvæmastan hátt olidreifingarkerfi um allt land.

Oliuverzlun ríkisins skal skylt að sjá um, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir oliuvara.

5. gr.

Oliuverzlunin skal selja olíuna á kostnaðarverði að viðbættri álagningu, sem svarar kostnaði við rekstur verzlunarinnar.

6. gr.

Stjórn oliuverzlunarinnar skipa 5 menn, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Einnig skulu á sama hátt kosnir jafnmargir varamenn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og hefur umsjón með rekstri verzlunarinnar.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins annast endurskoðun reikninga oliuverzlunarinnar.

7. gr.

Oliusamlög eða aðrir aðilar, sem bundnir eru viðskiptasamningum við oliufélögin, þegar oliuverzlunin tekur til starfa, skulu lausir undan þeim samningum án skaðabóta.

8. gr.

Birgðir þær af oliuvörum, sem verða á birgðastöðvum þeim, er oliuverzlunin fær til umráða, samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal hún kaupa á kostnaðarverði. Náist ekki samkomulag við eigendur, er heimilt að taka vörurnar eignarnámi.

9. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, þ. á m. meðferð og sala þeirra birgða, sem fyrir verða á birgðastöðvum, sem oliuverzlunin tekur ekki á leigu, þegar hún tekur til starfa, skulu ákveðin í reglugerð.

10. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum eða öðrum ákvæðum, er sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 200 þúsund krónum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1969.

Greinargerð.

Samhljóða frv. flutti ég á síðasta þingi, en þá fylgdi því eftirfarandi greinargerð: „Með frv. þessu er lagt til, að sett verði á stofn oliuverzlun ríkisins, sem síðan taki í sínar hendur allan innflutning á olíum til landsins og hafi með höndum alla

heildsölu á olíuvörum. Jafnframt er ráð fyrir því gert, að olíuverzlun ríkisins taki að mestu leyti að sér alla smásölu og dreifingu á olíuvörum. Þó er til þess ætlað, að þau olíusamlög, sem starfa samkv. lögum og hafa það að markmiði að selja meðlimum sínum olíur á sem lægstu verði, geti starfað áfram.

Eins og kunnugt er, eru það einkum þrjú stór olíufélög, sem nú annast olíu-söluna í landinu. Þau hafa á undanförunum árum byggt upp þrefalt olíudreifingar-kerfi um allt land, kerfi, sem hlýtur að vera óhóflega dýrt í stofnkostnaði miðað við aðstæður og jafnframt hlýtur að vera mjög kostnaðarsamt í rekstri. Víða í þorp-um landsins má sjá þrjá birgðageyma olíufélaganna og allmargar dreifingarstöð-ur, þó að augljóslega hefði á þeim stöðum mátt komast af með einn birgðageymi og eina dreifingarstöð. Í Reykjavík og stærstu kaupstöðum landsins hefur fjárfest-ing olíufélaganna verið gífurleg, og ljóst má það vera hverjum manni, að fjöl-margar benzínafgreiðslustöðvar félaganna eru þar byggðar í viðskiptalegu kapp-hlaupi án tillits til raunverulegra þarfa viðskiptamannanna.

Það hefur verið yfirlýst stefna okkar Alþýðubandalagsmanna, að olíuverzlunina ætti að skipuleggja með allt öðrum hætti en verið hefur. Við höfum því margsin-nis áður flutt tillögur til breytinga á þessum málum og lagt fram frv. á Alþingi um ríkisverzlun með olíur.

Innflutningur á olíum til landsins er meiri en á nokkurri annarri vörutegund. Verðlag á olíuvörum skiptir því miklu máli í þjóðarbúskapnum og varðar alla ein-staklinga að meira eða minna leyti.

Nú hefur háttáð svo til í utanríkisviðskiptum landsins í allmörg ár, að ríkið hefur gert samninga við önnur ríki um innkaup á svo til allri olíu, sem landsmenn nota. Skipta þar mestu máli samningar við Sovétríkin. Þrátt fyrir þessar aðstæður hefur sá háttur verið hafður á, að ríkið hefur afhent þann samning, sem það hefur gert um innkaup á olíum og flutning til landsins, olíufélagunum þremur til fram-kvæmda. Á þann hátt hafa olíufélögin þrjú í rauninni fengið einkaaðstöðu til inn-kaupa á olíum, og síðan hafa þau annazt sjálf alla dreifingu olíuvaranna. Þessi þrjú stóru olíufélög hafa með sér mjög náð samstarf um olíusöluna, að minnsta kosti um verðlagninguna og allt sölufyrirkomulag. Samkeppni þeirra á milli er því ekki á neinum venjulegum grundvelli.

Nokkur olíusamlög eru enn starfandi í landinu. Þau geta hvergi fengið olíu-vörur á eðlilegu heildsöluverði, en neyðast til þess að semja við olíufélögin í öll-um aðalatriðum á þeim grundvelli, sem félögin ákveða. Þannig verða olíusamlögin að selja olíuna á sama verði og olíufélögin gera og með sömu söluskilmálum og þau. Hér er því greinilega um einokunaraðstöðu olíufélaganna að ræða.

Með frv. þessu er lagt til, að olíuverzlun ríkisins annist ein öll innkaup á olíum til landsins og hafi ein með höndum alla heildsölu á olíum. Frá olíuverzlun ríkisins gætu þá olíusamlög fengið olíur á eðlilegu heildsöluverði. Enginn vafi er á því, að með slíkri skipan mundu olíusamlögin strax lækka verðið til neytenda frá því, sem nú er, og til mikilla muna í sumum greinum.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að opinberir aðilar, eins og bæjar- og sveitar-félög og ýmsir þeir, sem kaupa þurfa mikið magn af olíu til eigin nota, geti fengið olíur keyptar af olíuverzlun ríkisins á heildsöluverði. Hér er um sanngirnismál að ræða og eðlileg viðskipti í stað þeirra þvingunarviðskipta, sem nú gilda.

Í frv. er svo jafnframt gert ráð fyrir, að olíuverzlun ríkisins skipuleggi smá-söluverzlun með allar olíuvörur um allt land með það fyrir augum, að dreifing-arkostnaður verði sem minnstur og verðlagið geti verið sem allra lægst. Á þann hátt yrði tekið fyrir þá stjórnlausu eyðslu, sem nú á sér stað í þreföldu dreifing-arkerfi, og komið í veg fyrir óþarfan tilkostnað við sölu á þessum nauðsynlegu vörum.

Um þessar mundir er mikið um það rætt, að gæta þurfi meiri hagsýni en gert hefur verið í uppbyggingu fiskiðnaðarins í landinu og í framkvæmdum landbúnað-arins. Þegar svo er komið, að framleiðslukostnaður frystihúsanna í landinu er orð-

inn of mikill vegna síaukinnar dýrtíðar, þá þykir sjálfsagt að taka til endurskipulagningar uppbyggingu frystihúsanna og rekstraraðstöðu þeirra. En skyldi þá ekki vera kominn tími til að taka til athugunar olíusölukerfið í landinu? Eða er kannske meining þeirra, sem nú tala mest um meiri hagræðingu í fiskiðnaði og í landbúnaði, að ganga með öllu fram hjá því, að auka þurfi hagræðingu í verzlun og viðskiptum? Getur það verið ætlunin að halda áfram í þrefalt oliudreifingarkerfi um allt land? Áframhaldandi útpensla slíks kerfis kostar þjóðina tugi milljóna króna á ári í algera eyðslu.

Þegar við Alþýðubandalagsmenn höfum á undanförnum árum barizt fyrir ríkisverzlun á olíum, hefur mótstaðan gegn tillögum okkar einkum komið frá forustumönnum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Tengsl forustumanna þessara flokka við oliufélögin þrjú hafa verið öllum ljós. Alþýðuflokkurinn hefur hins vegar látið sig þessi mál litlu skipta, þar til nú nýlega, að formaður flokksins lýsti yfir fylgi Alþýðuflokksins við ríkisverzlun á olíum.

Við Alþýðubandalagsmenn viljum enn láta reyna á afstöðu flokkanna til þessa stórmáls. Verður þá að koma í ljós, hvort flokkarnir meta meir hagsmuni almennings í landinu og hagsmuni atvinnuveganna eða gróðahagsmuni oliufélaganna þriggja.“